

Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra, Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi UTU, Vigfús Þór Hróbjartsson

sent með tölvupósti á vigfus@utu.is og birgir@ry.is

Reykjavík, 19. febrúar, 2021

HVAMMSVIRKJUN RANGÁRÞING YTRA OG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Deiliskipulag Greinargerð og umhverfisskýrsla, dags. 10.12.2020

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér framangreinda tillögu að breyttu deiliskipulagi og meðfylgjandi greinargerð.

Stjórnin vísar í ítarlega umsögn sína til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum, dagsett 6. júlí 2017 og sem hér fylgir.

Þau mannvirki sem áformuð eru mun bæði hafa víðtæk sjónræn áhrif og raska lífkerfinu. Landsvæðið sem hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir íbúa verður umturnað¹.

Mat á starfsvenjum við undirbúningsverkefnisins sýnir að almennt hefur vel verið staðið að verki (bls 5. í greinargerð). Ein mikilvæg og afgerandi undantekning kemur þó fram: **í mati á starfsvenjum uppfyllir Landvirkjun ekki kröfur um góðar starfsvenjur**. Þegar mannvirki hafa svo mikil áhrif á nærumhverfi er þessi þáttur afar mikilvægur og því skítur það óneitanlega skökku við að Landsvirkjun skuli falla á þessu prófi hvað þetta varðar.

Í skýrslu er vísað til rannsókn Veiðimálastofnunar á lífríki Þjórsár sem bendir til mikils þéttleika botndýra miðað við aðrar þekktar jökullitaðar ár á Íslandi og víða góð búsvæði fyrir laxa. Þetta er mikilvæg auðlind sem ekki má spilla.

Álit Skipulagsstofnunar var birt 12. mars 2018 og þar kemur m.a. fram að fyrirhuguð framkvæmd hefur talsverð neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist og verulega neikvæð áhrif á landslag og ásjúnd lands.

¹ Í lýsingu segir; Yfirborð Hagalóns mun verða í um 116 m y.s. og áætlað flatarmál er um 4,0 km². Stöðvarhús mun standa norðvestan Skarðsfjalls og frá stöðvarhúsi fellur vatnið um jarðgöng, í frárennisskurð og aftur út í farveg Þjórsár við Ölmóðsey, samtals um 3,2 km. Meðfram vesturbakka lónsins verður Þjórsárdalsvegur endurbyggður á um 7,5 km kafla milli Minni-Núps og Gaukshöfða og á austurbakkanum verða reistir stíflugarðar, samtals um 3,3 km langir.

Í greinargerð segir að stíflumannvirki verði með innbyggðum fiskistiga til að tryggja fiskigengd, samhliða því verður tryggt lágmarksrennsli í Þjórsá og að seiðafleytur beini seiðum framhjá hverflum, beint niður í farveg árinna. Þá hefur framleiðandi hverflar virkjunarinnar sagt að þær tryggi að langstærsti hluti þeirra seiða (92-95%) sem þar fer í gegn lifir af skv. upplýsingum sem fengust frá vélaframleiðanda. Stjórn Landverndar hefur því nú sem fyrr efasemdir um að þetta gangi eins vel og lýst er og telur að „náttúran eigi að njóta vafans“.

Ef til virkjunar kemur mun rennsli í farvegi Þjórsár frá stíflu og niður fyrir Ölmóðsey falla niður í allt að 10 m³/sek, en í dag er meðalrennsli árinna 325 m³/sek. Þetta er mikil breyting og skelfilegt að sjá áhrif á myndum.

Á bls. 17. Í greinargerð er lýst í yfirlit **umhverfisáhrif áformaðrar virkjunar** á grundvelli skýrslna um mat á umhverfisáhrifum 2003 og 2018:

- Áhrif á náttúru verða neikvæð því við framkvæmdir myndast um 4 km² stórt lón. Þar getur öldurof valdið landbroti og þrátt fyrir að lónið verði í farvegi árinna, mun það skerða gróíð land. Skert rennsli í ánni getur valdið setmyndun og foki, auk þess sem það getur haft áhrif á lífríki árinna. Þá getur verið fok frá efnislosunarsvæðum sem m.a. getur spilt gróðri.
- Áhrif á upplifun verða neikvæð því sjónræn áhrif munu alltaf verða talsverð því mikil breyting verður á ásýnd á allstóru svæði við Þjórsá með tilkomu lóns og stíflumannvirkja. Þó stöðvarhús verði neðanjarðar mun rask vegna framkvæmda, plön, vegir o.fl. verða sýnileg.
- Áhrif á samfélag eru talin verða jákvæð² að því leyti að framkvæmdin skapar nýja atvinnumöguleika, einkum á framkvæmdatíma og meiri tekjur fyrir sveitarfélögin sem styrkir búsetu og eykur möguleika á bættri þjónustu við íbúa. Fjölbreyttari atvinnutækifæri, öflugri þjónusta og styrking byggðar styður við stefnu ríkisstjórnar og sveitarfélaga. Hins vegar er fyrirhuguð framkvæmd talin hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna og þar með útivist og ferðaþjónustu á svæðinu. Þá eru sumarhúsaeygendur á svæðinu almennt fremur neikvæðir út í fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir. Litið er á virkjun vatnsafls sem „hreina orku“ og nýting hennar styður við stefnu stjórnvalda og alþjóðaskuldbindingar sem telja má til jákvæðra áhrifa. Hér er ekki fjallað um jákvæð áhrif vegna aukinna tekna íslenska ríkisins og ekki heldur jákvæð áhrif vegna tekna Rangárbings ytra í formi fasteignagjalda.
- Áhrif á samgöngur eru taldar jákvæðar³ þar sem í tengslum við framkvæmdina verður Þjórsár-dalsvegur færður til og við það skapast bæði betri vegsýn og lögð verður af einbreið brú sem nú er á þverá. Þá skapast möguleiki á nýjum göngu- og reiðleiðum í tengslum við virkjanaframkvæmdir. Hér er ekki fjallað um jákvæð áhrif fyrirhugaðs Búðafossvegar og nýrrar brúar yfir Þjórsá.
- Áhrif á heilsu og öryggi eru að því leyti til neikvæð að skurðir og óstöðugt rennsli í árfarvegum kann að skapa hættu bæði mönnum og skepnum. Jákvæð áhrif framkvæmdar eru að endurgerð Þjórsárdalsvegar á um 7 km kafla mun bæta vegsýn og lögð verður af einbreið brú sem nú er á þverá en almennt skapa einbreiðar brýr hættu. Hins vegar skapast fremur

² Stjórn Landverndar óttast neikvæð áhrif vegna tilfinninga sem margir íbúar bera til menningarlandslagsins.

³ Bæta má vegi óháð virkjunarframkvæmdum þannig að þessi óbeinu áhrif ættu ekki að vega þungt.

hætta á hálkumyndun, við ákveðnar aðstæður að vetrarlagi, þar sem vegur liggur við vatnsbakka.

- Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru neikvæð því fornleifar spillast. Fornminjar hafa verið kortlagðar og skoðaðar og fornminjar sem metnar eru með hátt minjagildi skerðast ekki. Hætta getur skapast á foki úr farvegi sem skaðað getur friðlandið í Viðey og á öldurofi við Bæjarnes í landi Skarðs/Yrja sem getur hugsanlega haft áhrif á fornleifar þar.

Af þessu yfirlit verður ekki annað ráðið en að **yfirgnæfandi líkur séu á því að heildaráhrif virkjunar yrðu neikvæð**, og hugsanlega mjög neikvæð. Þá er ljóst að engin aðkallandi þörf er fyrir frekari raforkuframleiðslu. Þegar þessi tveir þættir eru saman lagðir ætti svarið að vera einfalt.

Ósiður

Það vakti athygli stjórnar Landverndar að á bls. 25 í skýrslunni kemur til sögunnar vegaframkvæmd sem reikna má með að hugnist mörgum íbúum á svæðinu. Svo virðist sem þetta sé óskilt mál. Þar segir „*Nýr tengivegur, um 7,8 km langur, verður lagður af Landvegi (26), milli bæjanna Minni-Valla og Heysholts um nýja brú yfir Þjórsá, skammt ofan við fossinn Búða og yfir á Þjórsárdalsveg (32) vestan við Árnes. Lagt verður slitlag á veginn.*“ Stjórn Landvernd hvetur alla aðila til að blanda ekki saman þessum óskildu málum og telur það villandi að tilgreina þetta í skýrslunni. En óneitanlega vekur þetta spurningu um hvort framkvæmdaaðili sem með þessum hætti að reyna að skapa sér meiri velvilja meðal íbúa en framkvæmdin sjálf á skilið. Þetta er ósiður sem stjórn Landverndar hélt að Landsvirkjun hefði fyrir löngu aflagt.

Niðurstaða

Með virkjunum í Þjórsá er verið að rífa í sundur samhengi náttúrunnar. Lón, nánast þurrir spottar í farvegi Þjórsár, vegir, stíflur, námur og annað sem fylgir, veldur gróður- og jarðvegseyðingu og fleiri skemmdum á náttúru auk þess sem framkvæmdirnar hafa veruleg neikvæð áhrif á lífríki Þjórsár þar sem er búsvæði laxa og margra annarra fiska og lífvera. Þar er virkt, heilt vistkerfi. Menningarlandslag í byggð raskast verulega með áhrifum á vellíðan íbúa. Þetta er verðið greiða á fyrir 95 MW viðbótarafl í raforkukerfi landsins sem þegar býr yfir meira afli á hvern íbúa en þekkist í heiminum.

Margt í framkomnum gögnum sýnir að verulega óvissa er um áhrif Hvammsvirkjunar á lífríkið í ánni og hliðarám hennar. Náttúran á að njóta vafans segir ein megin regla umhverfisréttar. Óvissa ríkir um virkni seiðafleytna og um áhrif vatnsmagns- og rennslisbreytinga á gönguleiðir, hrygningarstöðvar og uppeldisstöðvar laxfiska. Sá stofn laxfiska sem um ræðir, nýtur sérstöðu á heimsvísu hvað varðar stærð og aðlögun að óvenjulegu umhverfi.

Áhrif Hvammsvirkjunar á samfélag heimamanna á svæðinu ætti að vega mjög þungt. Samfélög hafa liðið fyrir erfiðar deilur um virkjanaáform og -framkvæmdir. Allt bendir til þess að næg orka verði til í landinu næstu ár og aðeins ætti ekki að rask ró samfélaga ef brýn nauðsyn kallar. Svo er ekki í þessu tilfelli.

Framangreind atriði bera öll að sama brunni. Það eru umtalsverðir verndarhagsmunir í húfi í neðri hluta Þjórsár auk þess sem velferð í aðliggjandi samfélögum er í húfi. Samfélagslegur ávinningur er



takmarkaður. Þetta ber viðkomandi sveitarstjórnnum að hafa efst í huga. Geri þær það er yrði tillögu að breyttu deiliskipulagi yrðir hafnað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri